



Borgarráð

Miðnæturopnun í sund

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 27. júní 2022 var samþykkt samhljóða eftirfarandi tillaga meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar:

Lagt er til að sett verði af stað tilraunaverkefni í Laugardalslaug með miðnæturopnun á fimmtudagskvöldum frá og með 4. ágúst. n.k. og að þá verði opið til miðnættis eða til kl. 24:00. Um verði að ræða tilraun til áramóta en lagt verði mat á reynsluna við undirbúning fjárhagsáætlunar 2023.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð samþykkti að vísa tillöggunni til borgarráðs með ósk um fjárveitingu vegna ársins 2022 að upphæð 2.5 mkr.

Fulltrúar meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram eftirfarandi bókun:

Rétt eins og tillagan um hækkan frístundastyrks og frítt í sund fyrir börn er tillagan um miðnæturopnun í sund í einni sundlaug hluti af fyrstu aðgerðum meirihlutans skv. meirihlutasáttmálanum. Þetta er skemmtileg hugmynd sem mun gera góða sundlaugamenningu borgarinnar enn litskrúðugri. Ákveðið hefur verið að miðnæturopnun verði í Laugardalslaug á fimmtudagskvöldum fram til áramóta til að byrja með og reynslan síðan metin. Fyrsta miðnæturopnunin verður 4. ágúst næstkomandi og nýtist því sundlaugargentum strax í sumar.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

Tillaga

Miðnæturopnun í sund

Lagt er til að sett verði af stað tilraunaverkefni í Laugardalslaug með miðnæturopnun á fimmtudagskvöldum frá og með 4. ágúst. n.k. og að þá verði opið til miðnættis eða til kl. 24:00. Um verði að ræða tilraun til áramóta en lagt verði mat á reynsluna við undirbúning fjárhagsáætlunar 2023.

Greinargerð

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar segir í fyrstu aðgerðum: Við ætlum að gera tilraun með miðnæturopnun í einni sundlaug einu sinni í viku.

Tilraunaverkefni um miðnæturopnun í sund er í senn lýðheilsumál og skemmtileg hugmynd sem undirstrikkar að sundlaugamenningin í Reykjavík er ein af helstu skrautfjöðrum borgarinnar.

Gera má ráð fyrir að kostnaðarauki vegna þessa til áramóta verði 2.5 mkr. og á ársgrundvelli um 6 mkr.